

Nr. 20-052 S 037 Guðrún Þorkelsdóttir SU 211***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr.: 2944
 IMO: 9171022
 Smíðaður: Noregur 1999, stál.
 Útgerð: Eskja hf.
 Stærð: 1773,4 bt.
 Mesta lengd: 68,1 m Skráð lengd: 60,77 m
 Breidd: 12,6 m Dýpt: 8,4 m
 Vél: MAK, 3840 kW, 1998
 Fjöldi skipverja: 10



Guðrún Þorkelsdóttir©Eskja

Gögn:
 Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgangur á fundi 4. desember 2020 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 24. apríl 2020 var Guðrún Þorkelsdóttir SU 211 á togveiðum með flotvörpu suður af Færeyjum. Veður: 3 m/s, ölduhæð 1 m.

Skipverjar voru að taka trollið og var sterturinn vafinn utan um pokann. Endinn á stertinum var settur inn á nótaleggjara og helmingurinn af honum hífdur inn til að fá slaka til að setja á spilkopp. Einn skipverjanna var að hnýta tóg inn á spilkopp sem tengdur var við stertinn þegar óvart var híft í nótaleggjarann með þeim afleiðingum að skipverjinn missti framan af þumal fingri vinstri handar. Slasaði var sóttur með þyrllu frá Færeyjum og síðan sendur með sjúkraflugvél til Reykjavíkur.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjinn var að hnýta pelastikkhnút í auga á spilkopp (*sjá mynd 1*) og fingurinn var inn í miðjum hnútnum þegar híft var í nótaleggjarann;

*Mynd 1 Spilkoppurinn og slysstaður*

- að nótaleggjaranum var stjórnað með fjarstýringu sem einn skipverji var með framan á sér á þilfarinu;
- að stjórnandi nótaleggjarans hafði skömmu áður rétt hinum slasaða endann á stertinum og var að færa sig frá honum þegar hann rak sig í handfangið á fjarstýringunni;
- að fjarstýringin var af gerðinni Karm með neyðarstöðvunarrofa (*sjá mynd 2*);
- að fram kom að spilkoppurinn væri ekki notaður nema þegar sterturinn kæmi óklár upp þar sem nótaleggjarinn hafði ekki nóg afl;
- að engar merkingar voru á stjórnloka fyrir spilkopp sem sagði til um virkni hans (*sjá mynd 3*);
- að samkvæmt 7. reglu í reglugerð 122/2004 um öryggi fiskiskipa er óheimilt að nota koppa við meðhöndlun veiðarfæra.



Mynd 2 Fjarstýringin fyrir nótaleggjarann



Mynd 3 Stjórnloki fyrir spilkopp

Nefndarálit:

Orsök slyssins var ótímabær hífing.

Sérstök ábending:

Nefndin bendir á að óheimilt er að nota spilkoppa við meðhöndlun veiðarfæra.